

5. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir alþingi 1933).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1934.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1934.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1934.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1934.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1934.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1934.
7. Fjórðungur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um menningarsjóð, skal frá 15. apríl 1932 til ársloka 1934 renna í rikissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að ekki verður séð, að rikissjóður megi á árinu 1934 missa neitt af tekjum þeim, sem síðasta alþingi bjóst við að hann þyrfti að halda á á árinu 1933. Þykir óhjákvæmilegt að flyta frumvarp þetta, sem er samhljóða l. nr. 76, 23. júní 1932, að öðru leyti en því, að samkvæmt þessu frumvarpi er ákveðið, að bráðabirgðabreytingin á lögum þeim, er þar um getur, gildi til ársloka 1934.